

# Umsögn

24. mars 2023

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Skrifstofu Alþingis, nefndasvið  
150 Reykjavík



## Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um græna hvata fyrir bændur

Þann 17. mars barst Landgræðslunni rafpóstur frá atvinnuveganefnd Alþingis. Meðfylgjandi var tillaga til þingsályktunar um græna hvata fyrir bændur, 71. mál. Óskað var umsagnar Landgræðslunnar og til þess veittur frestur til 31. mars.

Landgræðslan starfar á grundvelli laga nr. 155/2018 en markmið þeirra laga er skv. 1. gr. að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Ennfremur ber að vinna að því að nýting taki mið af ástandi lands, stöðva eyðingu og komast hjá spjöllum á gróðri og jarðvegi, auka kolefnisbindingu, byggja upp, endurheimta og auka viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa gagnvart áföllum og náttúruvá o.fl.

Landgræðslan hefur kynnt sér tillöguna og byggir umsögn stofnunarinnar á ofangreindum lögum, einkum ákvæðum er lúta að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Í fyrirliggjandi þingsályktunartillögu er lagt til að skipa starfshóp um bætt tækifæri bænda til að græða viðkvæm og illa farin vistkerfi, m.a. með skógrækt og endurheimt votlendis. Þannig yrðu skapaðir grænir hvata fyrir bændur til að auka uppgræðslu og draga úr kjötframleiðslu og annarri framleiðslu dýraafurða. Tillagan gerir ráð fyrir að fulltrúar starfshópsins hafi breiðan bakgrunn og yrði t.a.m. einn slíkur frá Landgræðslunni.

Áður en lengra er haldið leggur Landgræðslan til að bætt verði við þá upptalningu sem starfshópur um bætt tækifæri bænda skal skoða. Jafnvel þó að ljóst sé að ekki sé um endanlega upptalningu að ræða, sbr. skammstöfunin *m.a.* þá leggur Landgræðslan til að bætt verði við þá upptalningu *endurheimt vistkerfa*. Fyrsti málsliður, fyrstu málsgreinar þingsályktunartillögunnar myndi þannig orðast svo:

*„Aþingi ályktar að fela matvælaráðherra að skipa starfshóp um bætt tækifæri bænda til að græða viðkvæm og illa farin vistkerfi, m.a. með skógrækt og endurheimt votlendis- og þurrlendisvistkerfa.“*

Efnislega er Landgræðslan annars sammála því sem fram kemur í fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar. Það er nauðsynlegt að snúið verði af þeirri braut að ríkisstuðningur við landbúnað á Íslandi sé meira og minna framleiðslutengdur, fyrir þessu hefur Landgræðslan lengi talað. Það að skapa raunverulegan farveg til þessa, með því að bjóða bændum upp á þann valkost að stunda umhverfisvænni landbúnað með tilkomu grænna hvata, er gríðarlega mikilvægt, ekki bara fyrir umhverfið og skuldbindingar Íslands því tengdu - heldur einnig fyrir bændurna sjálfa og byggðamál í landinu.

Í fyrirbyggjandi tillögu eru þeir bændur er nýta myndu þessa grænu hvata kallaðir vistbændur. Útfærsla á verkefnum vistbónda er ekki mikið mótuð og yrði slíkt væntanlega á könnu þess starfshóps sem gert er ráð fyrir að skipa. Mikilvægt er að vel takist til við þá útfærslu þannig að bændur, sem slíkt kjósa, geti unnið að þeim tækifærum sem víða eru til staðar í endurheimt vistkerfa um leið og minni áhersla er lögð á hefðbundinn, framleiðslutengdan, landbúnað.

Landgræðslan gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um græna hvata fyrir bændur, 71. mál, en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.

Virðingafyllst

f.h. Landgræðslunnar

  
Birkir Snær Fannarsson